Fag: Danska

Tímabil : haustönn 2026

Bekkur: 5-6.b

Kennari : Sigurbjörg/Ása

Markmið kennslu.

Markmið námsins á haustönn er að nemendur 5-6. bekkjar auki orðaforða sinn í dönsku á haustönn, æfi framburð bókstafa og orða og geti þýtt einfaldan texta/ leyst verkefni á dönsku og ritað einfaldan texta. Ennfremur að nemendur þjálfist í að hlusta, skilja og eiga einföld samtöl á dönsku og geti framkvæmt aðgerðir eftir leiðbeiningum á viðkomandi máli.

Að nemendur þjálfist í að nýta sér orðabækur og bæti við þekkingu sína í danskri málfræði/stafsetningarreglum.

Að nemendur fái innsýn í danska menningu og sameiginlegan norrænan arf þjóðanna í tengslum við árstíðir og hátíðir.

Ágúst-september
Orðaforði/framburður-verkefnavinna
Tölustafirnir að hundrað og verkefni tengd því. Sönglög og leikir á dönsku.
Orðaforði/persónufornöfn.
Upplestur og framburður/hópavinna.

Hæfniviðmið í Aðalnámsskrá

Hæfniviðmið Waldorfskólans í erlendum tungumálum:

https://waldorf.is/wp-content/uploads/2020/10/Haefnividmid-erlend-tunguma%CC%81l.pdf

---

Námsmat

Lögð er áhersla á leiðsagnarmat. Metnir þættir eru:

- vinna og samvinna í tímum
- Vinnubók / skil á verkefnum
- Áhugi, frumkvæði og framfarir

Efni

Ýtarefni: ýmis verkefni úr Start lesbók (rafbók: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/smart_nem/#1) hlustunaræfingar og vinnubók.

Ýmislegt efni frá kennara.

Október-nóvember **Orðaforði/framsögn og hlustun-verkefnavinna.** Danskir bókstafir. Framburður og verkefni. Hlustun/samlestur á texta og verkefni (Start lesbók). Orðaforði/nafnorð/greinir Danskar hefðir og matargerð. **Desember** **Orðaforði/framsögn og hlustun/ritun.** Kynning á dönskum jólahefðum./jólalögum/jólasögum og verkefni tengd því. Orðaforði/lýsingarorð. Ritun og samlestur.Danskt jólaföndur. Verkefni úr Start. Lesbók. Vinnubók. Endurlit og námsmat.	